

Vátryggingin byggir á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 og bætir sjúkrakostnað hér á landi. Vátryggingin er ætluð til að brúa bilið frá komu til landsins þar til einstaklingur kemst inn í almannatryggingakerfið. Um vátrygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

Vátryggður er sá einstaklingur sem skráður er á vátryggingarskírteinið.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir á Íslandi.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin nær aðeins til sjúkrakostnaðar sem fellur til á Íslandi og tilgreindur er samkvæmt staflíðum a – g hér að neðan í samræmi við viðeigandi lagaákvæði um sjúkratryggingar nr. 112/2008. Bætur úr vátryggingunni miðast við þann hluta sjúkrakostnaðar, sem ella hefði verið bættur af Sjúkratryggingum Íslands vegna sjúkratryggðra. Vátryggingarverndin er ekki í neinum tilvikum viðtækari en lög um sjúkratryggingar kveða á um en er háð takmörkunum sem fram koma á vátryggingarskírteini eða í vátryggingarskilmálum þessum. Kostnaðarreikningar umfram viðmiðunargjaldskrár Tryggingastofnunar ríkisins og Sjúkratrygginga Íslands eru ekki greiddir úr vátryggingunni.

Nánar tiltekið fellur eftirfarandi sjúkrakostnaður, skv. lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008, undir vátrygginguna:

- Kostnaður við sjúkrahúsvist að ráði lækni, þó ekki á heilsuhælum, nema vegna afleiðinga sjúkdóms eða slyss sem upphaf á og er innan tryggingartímabilsins, né á fæðingastofnunum.
- Kostnaður við almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa.
- Kostnaður við nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum.
- Kostnaður við lyf sem vátryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri auk annars nauðsynlegs lyfjakostnaðar.
- Kostnaður vegna röntgengreiningar og geislameðferðar.
- Kostnaður vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar lækni til vátryggðs og flutningskostnaðar vátryggðs á sjúkrahús.
- Kostnaður vegna hjúkrunar í heimahúsum vegna alvarlegra sjúkdóma eða slysa sem eru innan bótasviðs vátryggingarinnar enda komi heimalega í stað sjúkrahúsvistar.

3. gr. Undanþágur

Vátryggingin greiðir ekki kostnað:

- a. Sem vátryggður á rétt á úr opinberum sjúkratryggingum á Íslandi eða erlendis.
- b. Vegna slyss sem orðið hefur áður en vátrygging þessi tók gildi.
- c. Vegna sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en vátrygging þessi tók gildi.
- d. Vegna læknisrannsókna sem komnar eru til, vegna smita sem urðu eða gruns um sjúkdóma sem kom upp áður en vátrygging þessi tók gildi, svo og sjúkdóma sem þær rannsóknir kunna að leiða í ljós.
- e. Vegna tannlækninga né lýtalækninga, nema um sé að ræða nauðsynlegar bráðaáðgerðir.
- f. Sem verður vegna meðgöngu, fæðingarhjálpur né sjúkdóma sem rekja má til meðgöngu eða fósturláts.
- g. Vegna sjúkdóms eða slyss sem rót á að rekja til neyslu áfengis, ávana- eða fíkniefna.
- h. Vegna ryskinga eða þátttöku í refsiverðum verknaði.
- i. Vegna slysa sem verða í keppni í hvers konar íþróttum eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Einnig eru undanskilin slyss sem verða í hvers konar akstursíþróttum, bardagaíþróttum, fjallaklifri, bjargsigi, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarstökki, listflugi, einkaflugi og/eða íþróttum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar. Hægt er að innifela áhættu samkvæmt þessum lið gegn viðbótariðgjaldi.

4. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar

Félagið greiðir vátryggingarbætur þegar það hefur fengið nauðsynlegar upplýsingar sem gera því kleift að ganga úr skugga um ábyrgð þess og fjárhæð þá sem greiða ber. Greiðslan miðast við þá fjárhæð sem í gildi er þegar vátryggingaratburðurinn verður, nema annað sé tilgreint í þeim almennu eða sérstöku skilmálum sem gilda um vátrygginguna. Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

5. gr. Sérregla um eigin áhættu

Eigin áhætta vátryggðs er tilgreind í vátryggingarskírteini og tekur til samanlagðs sjúkrakostnaðar sem fellur undir vátrygginguna á vátryggingartímabilinu.

6. gr. Sérregla um iðgjald

Greiðsla iðgjalds er skilyrði þess að ábyrgð félagsins hefjist. Ef vátryggingu er sagt upp á vátryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af tímabilinu. Vátryggingartaki skal þó ávallt greiða iðgjald að lágmarki kr. 5.000.

Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019.